

Orðaleikur

(sjá myndir á næstu blaðsíðu)

Efni:

- Bókstafir íslenska stafrófsins, nokkur eintök af hverjum, þó fleiri samhljóðar sem eru algengir í byrjun orða (notaði Skriftis Grunn 100 pt.) Stafirnir prentaðir út og klipptir til
- Gerð eru orð án fyrsta bókstafsins. (Skriftis Grunn 100 pt.) Valin eru orð sem breytast auðveldlega við það að skipt er eingöngu um fyrsta stafinn Dæmi: ús = h fyrir framan = hús, m fyrir framan = mús, l fyrir framan = lús o.s.frv.
- Plöstanarvél og plast í hana
- Skæri
- Box undir bókstafina og orðin (boxið sem ég nota hér er úr Rúmfatalagernum)
- Minni stafir gerðir sem eru límdir innan í boxið og eru nokkrir bókstafir saman í hverju hólfi. Það auðveldar krökkunum að sækja sér bókstaf auk þess sem það er skemmtilegur flokkunarleikur að flokka í rétt hólfi í lokin

Aðferð:

- Bókstafirnir gerðir í tölvu ásamt orðunum. Þetta er prentað út, klippt til, sett í gegnum plöstanarvélinu og klippt aftur.
- Bókstafir og orð fara í sín hólfi í boxinu og leikurinn getur hafist

Leikurinn:

- Börnin velja sér orð og spá í hvaða orð þau geta búið til. Finna réttan bókstaf og setja fyrir framan orðið
- Þau sem eru orðin góð í að lesa geta búið til fleiri orð með því að bæta bókstöfum t.d. bæði fyrir framan og aftan og jafnvel notað tvo eða þrjú bókstafi til að fá lengri og flóknari orð
- Orðin lesin í lok leiks

ATH:

- Ég prófaði þetta með hópi barna úr elsta árganginum í leikskólanum og þeim leist vel á viðfangsefnið. Þau voru áhugasöm, hjálpuðust að og æfðu sig í að bera fram hljóðið í þeim bókstaf sem var valinn. Í sumum tilfellum notuðu þau þetta eins og rím til að mynda nýtt orð. T.d. rímar „era“ og pera. Eitt barn tók orð og lék sér með það að setja tilviljunarkennda bókstafi bæði fyrir framan og aftur orðið, sagðist vera að gera bullorð. Það mig svo að lesa orðin og upplesturinn vakti mikla kátínu hjá hinum börnunum. Við erum að setja upp „Læsi“ í vali. Alls konar viðfangsefni sem tengjast læsi verða í lágum hilluskáp þ.á.m. blöð og skriffæri og hafa börnin óheftan aðgang að öllu sem þar er í boði og geta því verið stutt eða lengi í hverju viðfangsefni, það fer eftir áhuga þeirra.

